Reykjavík, 10. nóvember 2026
SFS26090228

Borgarráð

Samþykkt leikskóla- og daggæsluráðs um samning vegna Réttindaleikskóla UNICEF

Á fundi leikskóla- og daggæsluráðs þann 9. nóvember 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. október 2026, ásamt samstarfssamningi um réttindaskóla og -frístund UNICEF:

> Lagt er til í meðfylgjandi samningsdrögum við UNICEF, vegna innleiðingar Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi, að leikskólarnir Jörfi, Hraunborg, Klettaborg, Dalskóli og Sæborg hefji innleiðingu og stefnt verði að viðurkenningu árið 2028.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Miðflokksins sat hjá við afgreiðsluna.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs. SFS26090228

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram svohljóðandi bókun:

> Fulltrúi Samfylkingarinnar fagnar tillögu sviðsstjóra um að fimm borgarreknir leikskólar: Jörfi, Hraunborg, Klettaborg, Dalskóli og Sæborg verði hluti af verkefninu Réttindaskólar UNICEF á leikskólastigi og hefji undirbúning að því að verða formlegir Réttindaskólar árið 2028. Nú þegar eru 8 leikskólar viðurkenndir Réttindaleikskólar og fimm til viðbótar hafa hafið innleiðingu og fá viðurkenninguna á næsta ári. Verkefnið er afar mikilvægt, tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Áherslan er á þátttöku, jafnrétti og virðingu og meginmarkmið að hjálpa börnum að verða virkir, gagnrýnir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi.

Virðingarfyllst

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík

Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 29.október 2026
Drög að samstarfssamningi við UNICEF

Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2026
SFS26090228

TILLAGA

Viðtakandi: Leikskóla- og daggæsluráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi Réttindaleikskóla, innleiðing á Barnasáttmálanum í leikskóla í samvinnu við UNICEF

Lagt er til í meðfylgjandi samningsdrögum við UNICEF, vegna innleiðingar Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi, að leikskólarnir Jörfi, Hraunborg, Klettaborg, Dalskóli og Sæborg hefji innleiðingu og stefnt verði að viðurkenningu árið 2028.

Greinargerð:

Réttindaskólinn er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja sáttmálann til grundvallar í starfi sínu, skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmið Réttindaskólans er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi.

Réttindaskólar UNICEF í leikskóla

Eftirfarandi leikskólar í Reykjavík þegar hlotið viðurkenningu sem Réttindaskólar og Réttindafrístund UNICEF:

- Laugasól hlutu viðurkenningu vorið 2024 og stefna á endurmat 2027.
- Vinagerði hlutu viðurkenningu vorið 2024 og stefna á endurmat 2027.
- Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni hlutu viðurkenningu vorið 2024 og stefna á endurmat 2027.
- Gullborg hlutu viðurkenningu vorið 2024 og stefna á endurmat 2027.
- Ævintýraborg við Eggertsgötu hlutu viðurkenningu vorið 2024 og stefna á endurmat 2027.
- Lyngheimar hlutu viðurkenningu vorið 2026 og stefna á endurmat 2028.
- Hálsaskógur hlutu viðurkenningu vorið 2026 og stefna á endurmat 2028.
- Sunnuás hlutu viðurkenningu vorið 2026 og stefna á endurmat 2028.

- Bjartahlíð hófu innleiðingu 2025 og stefna á viðurkenningu 2027.
- Klambrar hófu innleiðingu 2025 og stefna á viðurkenningu 2027.
- Jöklaborg hófu innleiðingu 2025 og stefna á viðurkenningu 2027.
- Berg hófu innleiðingu 2025 og stefna á viðurkenningu 2027.
- Nóaborg hófu innleiðingu 2025 og stefna á viðurkenningu 2027.

Í framlögðu minnisblaði, dags. 6. janúar 2026, sem samþykkt var í skóla- og frístundaráði þann 12. janúar 2026 og í borgarráði 22. janúar 2026, var lagt er til að allir leikskólar skóla- og frístundasviðs innleiði verkefnið Réttindaskóli UNICEF á leikskólastigi á næstu árum.

Réttindaskóla UNICEF í grunnskólum frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum

Eftirfarandi grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Reykjavík þegar hlotið viðurkenningu sem Réttindaskólar og Réttindafrístund UNICEF:

- Laugarnesskóli, frístundaheimilið Dalheimar og frístundaheimilið Laugarsel fengu viðurkenningu sem Réttindaskóli og Réttindafrístund árið 2017, endurmat 2020, endurmat 2023 og endurmat 2025.
- Laugarlækjarskóli og félagsmiðstöðin Laugó fengu viðurkenningu 2018, endurmat 2021 og endurmat 2025
- Vesturbæjarskóli og frístundaheimilið Skýjaborgir fengu viðurkenningu 2019, endurmat 2022 og endurmat 2025
- Melaskóli og frístundaheimilið Selið fengu viðurkenningu 2019 og fengu endurmat 2023.
- Hagaskóli og félagsmiðstöðin Frosti fengu viðurkenningu 2019 en sóttu ekki eftir endurmati.Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland fengu viðurkenningu 2019 og hófu innleiðingu að nýju haustið 2024 fá endurmat í nóvember 2026.
- Frístundaheimilið Frostheimar fengu viðurkenningu 2019 og endurmat 2023 fá endurmat í nóvember 2026.
- Engjaskóli og frístundaheimilið Brosbær fengu viðurkenningu 2023 og fá endurmat nóvember 2026.
- Borgaskóli og frístundaheimilið Hvergiland fengu viðurkenningu 2023 og stefna fá endurmat í nóvember 2026.
- Háteigsskóli, félagsmiðstöðin 105 og frístundaheimilið Halastjarnan fengu viðurkenningu 2024 og stefna á endurmat 2027.
- Breiðagerðisskóli, frístundaheimilið Sólbúar stefndi á viðurkenningu 2026 en svo varð ekki.
- Hólabrekkuskóli, félagsmiðstöðin Hundraðogellefu, frístundaheimilið Álfheimar og frístundaheimilið Hraunheimar stefna fá viðurkenningu í nóvember 2026.
- Hvassaleitisskóli, frístundaheimilið Krakkakot og félagsmiðstöðin Tónabær fá viðurkenningu í nóvember 2026.
- Víkurskóli og félagmiðstöðin Vígyn stefna fá viðurkenningu í nóvember 2026.
- Húsaskóli og frístundaheimlið Kastali stefna á viðurkenningu 2027.

- Hamraskóli og frístundaheimilið Simbað stefndu á viðurkenningu árið 2026 en svo varð ekki.
- Rimaskóli, félagsmiðstöðin Sigyn og frístundaheimilið Tígrisbær, stefna að fá viðurkenningu 2026.

Vegna mistaka var undirritaður samningur milli skóla- og frístundasviðs og UNICEF þann 29. september sl. án þess að málið hafi verið lagt fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð. Í samningsdrögum er tiltekið að eldri samningur aðila sem undirritaður var 29. september sl. hafi ekki tekið gildi og hafi engin réttaráhrif milli aðila.

Kostnaður skóla- og frístundasviðs samkvæmt drögum að samning árið 2026 er kr. 2.837.500. Greiðsla fer fram í eingreiðslu við undirritun samnings og rúmast kostnaðurinn innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs á árinu 2026.

SAMSTARFSSAMNINGUR UM RÉTTINDASKÓLA OG -FRÍSTUND UNICEF

Aðilar þessa samnings eru annars vegar UNICEF á Íslandi, kt. 481203-2950, Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði, hér eftir nefnt UNICEF, og hins vegar skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609.

1. gr. Markmið og yfirlýsing um samstarf

Aðilar samningsins eru sammála um að hefja samstarf um framkvæmd verkefnisins Réttindaskóli og -frístund UNICEF í leikskólunum Jörfa, Hraunborg, Klettaborg, Dalskóla leikskóladeild og Sæborg

Í samstarfinu felst innleiðing á lögum um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt hugmyndafræði Réttindaskóla og -frístundar sem UNICEF hefur þróað. Mennta- og barnamálaráðuneytið starfar sem bakhjarl og stuðningsaðili verkefnisins, en er ekki formlegur aðili að samningi þessum þar sem ráðuneytið ber hvorki beinar skyldur né nýtur beinna réttinda samkvæmt honum.

Framkvæmd verkefnisins er í höndum stjórnenda ofangreindra starfsstöðva, með reglulegum og vel tilgreindum stuðningi UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar sem skilgreindur er nánar í viðauka 1 við samning þennan.

2. gr. Fjárhagsákvæði og viðbótarkostnaður

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir þátttökugjald til UNICEF að fjárhæð **2.837.500 kr**.

Greiðsla vegna samningsins fer fram við undirritun samningsins.

3. gr. Viðurkenning og vörumerkjanotkun

Fyrirhugað er að ofangreindar starfsstöðvar ljúki sínum fyrsta innleiðingarhring Réttindaskóla og -frístundar á samningstímanum. Að uppfylltum forsendum verkefnisins geta þær hlotið viðurkenningu Réttindaskóla og -frístundar UNICEF. Til þess að viðhalda viðurkenningunni þarf að endurnýja hana á þriggja ára fresti. Úttekt UNICEF á Íslandi á árangri innleiðingarinnar er forsenda viðurkenningar. Starfsstöðvar sem hlotið hafa slíka viðurkenningu fá leyfi til að nota vörumerki Réttindaskóla og -frístundar í kynningarefni sínu. Með undirritun samnings þessa samþykkir skóla og -frístundasvið Reykjavíkurborgar að fylgja í hvívetna vörumerkjaleiðbeiningum Réttindaskóla og -frístundar sem er að finna í viðauka 1.

4. gr. Sakavottorð

UNICEF á Íslandi ábyrgist að afla og kanna sakavottorð starfsfólks sem mætir í skóla, leikskóla, frístundarheimili og félagsmiðstöðvar á vegum samtakanna og tryggir að þau standist kröfur sem leiða af 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

5. gr. Trúnaður

UNICEF á Íslandi ábyrgist að starfsfólk þess sem mætir í skóla, leikskóla, frístundarheimili og félagsmiðstöðvar á vegum samtakanna sé bundið trúnaðar- og þagnarskyldu um allar upplýsingar um nemendur, forsjáraðila, starfsfólk og aðra hagi sem hann fær vitneskju um í tengslum við veru sína eða verkefni innan skólans. Þagnarskyldan helst eftir að samstarfi eða

verkefni lýkur. Framangreint varðar ekki atriði sem varða tilkynningarskyldu skv. IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. gr. Gildistími, framsal, uppsögn og riftun

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er gildistími hans þrjú ár, frá 1. september 2026 til 1. september 2029. Gengið er út frá því að samningurinn verði endurskoðaður og hugsanlega endurnýjaður að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu skóla- og frístundasviðs um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru ákveðnar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða hluta, nema að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki.

Komi til verulegra vanefnda af hálfu annars samningsaðilans á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum eða viðaukum hans, er hinum aðilanum heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust. Áður en til riftunar kemur skal þó þeim aðila sem talinn er vanefna samninginn veittur minnst 15 daga skriflegur frestur af gagnaðila sínum til að ráða bót á vanefndinni, sé hún þess eðlis að úr henni verði bætt.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með fjögra mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót.

7. gr. Ágreiningur og varnarþing

Aðilar lýsa yfir vilja sínum og ætlun um að viðhafa gott samstarf með réttindi barna að leiðarljósi. Rísi ágreiningur milli aðila um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skulu þeir leitast við að leysa hann í stjórnsýslulegri sátt. Náist ekki samkomulag og kjósi aðilar að leggja deiluna fyrir dómstóla skal mál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Reglur um styrki

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki sem eru meðfylgjandi í viðauka 3.

9. gr. Rafræn undirritun

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

10. gr. Aðrir samningar aðila

Undirritaður samningur aðila, dags. 29. september 2026, missir gildi sitt með samningi þessum.

11. gr. Óviðráðanleg ytri atvik

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði,

fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

Viðauki 1

Fræðsla og ráðgjöf UNICEF á Íslandi

Starfsfólk UNICEF á Íslandi veitir stuðning í formi ráðgjafar og fræðslu á meðan á innleiðingu Réttindaskóla og -frístunda stendur. Það er á ábyrgð stjórnenda starfsstöðva að sækja þann stuðning sem býðst.

Stuðningur sem Réttindaskóli og -frístund UNICEF veitir:

- Persónuleg handleiðsla og ráðgjöf varðandi verkefni innleiðingarinnar
- Rafræn námskeið, handbækur og stuðningsefni UNICEF Akademíunnar
- Sameiginlegir fræðslufundir fyrir umsjónarmenn Réttindaskóla og -frístundar
- Árleg Barnaréttindavinnustofa fyrir stjórnendur, umsjónarmenn og annað starfsfólk
- Aðgangur að innri verkefnasíðu
- Mælingar og eftirlit, m.a. aðgangur og úrvinnsla spurningakannana og úttekt á árangri

Innifalið í þátttökugjaldi er jafnframt handbók, fáni, viðurkenningarskjal og kynningarstandur.

Miðað er við að það taki tvö ár að vinna að fyrstu viðurkenningu Réttindaskóla og -frístundar. Grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð sækja saman um viðurkenningu. Ef það verða tafir á framkvæmdinni er hægt að fresta úttekt um eitt ár til þess að ljúka innleiðingu og sækja um viðurkenningu. Ef ekki tekst að ljúka viðurkenningu innan samningstímabilsins er samningur endurnýjaður og þátttökugjald greitt aftur.

Endurmat á viðurkenningu fer fram á þriggja ára fresti og er kostnaðurinn við endurmat 150.000 kr. og er sá kostnaður greiddur af starfsstöðvum. Ef ekki er óskað eftir endurmati þremur árum eftir viðurkenningu missa þátttakendur viðurkenningu sína sem Réttindaskóli og -frístund eða Réttindaskóli UNICEF á leikskólastigi. Athugið að grunnskóli, frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð þurfa að sækja saman um endurmat.

Viðauki 2

Vörumerkjaleiðbeiningar

Þegar leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili eða félagsmiðstöð (hér eftir starfsstöð) hlýtur viðurkenningu sem Réttindaskóli og – frístund UNICEF má nota vörumerki Réttindaskóla og – frístundar á gildistíma viðurkenningarinnar, eða í þrjú ár eftir að hún er veitt. Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um notkun vörumerkis Réttindaskóla og – frístundar og samþykkja aðilar með undirritun samkomulagsins að fylgja leiðbeiningum þessum í hvívetna.

Verkefnið heitir Réttindaskóli og -frístund UNICEF. Merkin (e. logo) eru eign UNICEF og reglur um notkun þeirra fylgja reglum um vörumerkjastjórnun UNICEF. Tvær útgáfur eru til af merkinu. Annað er merkt Réttindaskóla og -frístund og er ætlað grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Hitt er merkt Réttindaskóla og er ætlað leikskólum. Bæði merkin eru samtvinnuð UNICEF-merkinu, hlið við hlið. Merkið er til í þremur litum. Þetta eru einu útgáfur merkjanna sem má nota.

Ekki má tvinna merki Réttindaskóla og -frístundar saman við merki samstarfsaðila né breyta merkinu. Merki Réttindaskóla og -frístundar má hins vegar nota ásamt merkjum samstarfsaðila.

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI OG FRÍSTUND

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI OG FRÍSTUND

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI OG FRÍSTUND

Reglur um notkun merkis Réttindaskóla og -frístundar eru:

- Þegar starfsstöð hefur hlotið viðurkenningu UNICEF á Íslandi sem Réttindaskóli og -frístund má nota merkið opinberlega.
- Starfsstöð er heimilt að nota merkið í þrjú ár í senn. Til þess að fá heimild til að nota það lengur þarf að sækjast eftir endurnýjun á viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi.
- Ef starfsstöð uppfyllir ekki skilyrði fyrir endurnýjun á viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi ber henni að fjarlægja merki Réttindaskóla og -frístundar af öllu kynningarefni og af öllum miðlum, þ.m.t. heimasíðu og tölvupósti, og fjarlægja fána. Viðurkenningarskjöl mega áfram hanga uppi, enda merkt ártali síðustu viðurkenningar.
- Starfsstöð og öðrum aðilum er óheimilt að breyta vörumerki Réttindaskóla og -frístundar og skulu fylgja reglum um notkun merkisins í hvívetna.
- Óheimilt er að framleiða varning með merkjum UNICEF nema að höfðu samráði við UNICEF á Íslandi.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. *Markmið.*

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. *Ábyrgð.*

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. *Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja*

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. *Gildistaka*
17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.

SAMSTARFSSAMNINGUR UM RÉTTINDASKÓLA OG -FRÍSTUND UNICEF

Aðilar þessa samnings eru annars vegar UNICEF á Íslandi, kt. 481203-2950, Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði, hér eftir nefnt UNICEF, og hins vegar skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609.

1. gr. Markmið og yfirlýsing um samstarf

Aðilar samningsins eru sammála um að hefja samstarf um framkvæmd verkefnisins Réttindaskóli og -frístund UNICEF í leikskólunum Jörfa, Hraunborg, Klettaborg, Dalskóla leikskóladeild og Sæborg

Í samstarfinu felst innleiðing á lögum um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt hugmyndafræði Réttindaskóla og -frístundar sem UNICEF hefur þróað. Mennta- og barnamálaráðuneytið starfar sem bakhjarl og stuðningsaðili verkefnisins, en er ekki formlegur aðili að samningi þessum þar sem ráðuneytið ber hvorki beinar skyldur né nýtur beinna réttinda samkvæmt honum.

Framkvæmd verkefnisins er í höndum stjórnenda ofangreindra starfsstöðva, með reglulegum og vel tilgreindum stuðningi UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar sem skilgreindur er nánar í viðauka 1 við samning þennan.

2. gr. Fjárhagsákvæði og viðbótarkostnaður

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir þátttökugjald til UNICEF að fjárhæð **2.837.500 kr**.

Greiðsla vegna samningsins fer fram við undirritun samningsins.

3. gr. Viðurkenning og vörumerkjanotkun

Fyrirhugað er að ofangreindar starfsstöðvar ljúki sínum fyrsta innleiðingarhring Réttindaskóla og -frístundar á samningstímanum. Að uppfylltum forsendum verkefnisins geta þær hlotið viðurkenningu Réttindaskóla og -frístundar UNICEF. Til þess að viðhalda viðurkenningunni þarf að endurnýja hana á þriggja ára fresti. Úttekt UNICEF á Íslandi á árangri innleiðingarinnar er forsenda viðurkenningar. Starfsstöðvar sem hlotið hafa slíka viðurkenningu fá leyfi til að nota vörumerki Réttindaskóla og -frístundar í kynningarefni sínu. Með undirritun samnings þessa samþykkir skóla og -frístundasvið Reykjavíkurborgar að fylgja í hvívetna vörumerkjaleiðbeiningum Réttindaskóla og -frístundar sem er að finna í viðauka 1.

4. gr. Sakavottorð

UNICEF á Íslandi ábyrgist að afla og kanna sakavottorð starfsfólks sem mætir í skóla, leikskóla, frístundarheimili og félagsmiðstöðvar á vegum samtakanna og tryggir að þau standist kröfur sem leiða af 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

5. gr. Trúnaður

UNICEF á Íslandi ábyrgist að starfsfólk þess sem mætir í skóla, leikskóla, frístundarheimili og félagsmiðstöðvar á vegum samtakanna sé bundið trúnaðar- og þagnarskyldu um allar upplýsingar um nemendur, forsjáraðila, starfsfólk og aðra hagi sem hann fær vitneskju um í tengslum við veru sína eða verkefni innan skólans. Þagnarskyldan helst eftir að samstarfi eða

verkefni lýkur. Framangreint varðar ekki atriði sem varða tilkynningarskyldu skv. IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. gr. Gildistími, framsal, uppsögn og riftun

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er gildistími hans þrjú ár, frá 1. september 2026 til 1. september 2029. Gengið er út frá því að samningurinn verði endurskoðaður og hugsanlega endurnýjaður að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu skóla- og frístundasviðs um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru ákveðnar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða hluta, nema að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki.

Komi til verulegra vanefnda af hálfu annars samningsaðilans á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum eða viðaukum hans, er hinum aðilanum heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust. Áður en til riftunar kemur skal þó þeim aðila sem talinn er vanefna samninginn veittur minnst 15 daga skriflegur frestur af gagnaðila sínum til að ráða bót á vanefndinni, sé hún þess eðlis að úr henni verði bætt.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með fjögra mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót.

7. gr. Ágreiningur og varnarþing

Aðilar lýsa yfir vilja sínum og ætlun um að viðhafa gott samstarf með réttindi barna að leiðarljósi. Rísi ágreiningur milli aðila um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skulu þeir leitast við að leysa hann í stjórnsýslulegri sátt. Náist ekki samkomulag og kjósi aðilar að leggja deiluna fyrir dómstóla skal mál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Reglur um styrki

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki sem eru meðfylgjandi í viðauka 3.

9. gr. Aðrir samningar aðila

Með samningi þessum staðfesta aðilar að samningur dags. 29. september 2026 hafi ekki tekið gildi og hafi engin réttaráhrif milli aðila.

10. gr. Óviðráðanleg ytri atvik

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

11. gr. Rafræn undirritun

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Viðauki 1

Fræðsla og ráðgjöf UNICEF á Íslandi

Starfsfólk UNICEF á Íslandi veitir stuðning í formi ráðgjafar og fræðslu á meðan á innleiðingu Réttindaskóla og -frístunda stendur. Það er á ábyrgð stjórnenda starfsstöðva að sækja þann stuðning sem býðst.

Stuðningur sem Réttindaskóli og -frístund UNICEF veitir:

- Persónuleg handleiðsla og ráðgjöf varðandi verkefni innleiðingarinnar
- Rafræn námskeið, handbækur og stuðningsefni UNICEF Akademíunnar
- Sameiginlegir fræðslufundir fyrir umsjónarmenn Réttindaskóla og -frístundar
- Árleg Barnaréttindavinnustofa fyrir stjórnendur, umsjónarmenn og annað starfsfólk
- Aðgangur að innri verkefnasíðu
- Mælingar og eftirlit, m.a. aðgangur og úrvinnsla spurningakannana og úttekt á árangri

Innifalið í þátttökugjaldi er jafnframt handbók, fáni, viðurkenningarskjal og kynningarstandur.

Miðað er við að það taki tvö ár að vinna að fyrstu viðurkenningu Réttindaskóla og -frístundar. Grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð sækja saman um viðurkenningu. Ef það verða tafir á framkvæmdinni er hægt að fresta úttekt um eitt ár til þess að ljúka innleiðingu og sækja um viðurkenningu. Ef ekki tekst að ljúka viðurkenningu innan samningstímabilsins er samningur endurnýjaður og þátttökugjald greitt aftur.

Endurmat á viðurkenningu fer fram á þriggja ára fresti og er kostnaðurinn við endurmat 150.000 kr. og er sá kostnaður greiddur af starfsstöðvum. Ef ekki er óskað eftir endurmati þremur árum eftir viðurkenningu missa þátttakendur viðurkenningu sína sem Réttindaskóli og -frístund eða Réttindaskóli UNICEF á leikskólastigi. Athugið að grunnskóli, frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð þurfa að sækja saman um endurmat.

Viðauki 2

Vörumerkjaleiðbeiningar

Þegar leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili eða félagsmiðstöð (hér eftir starfsstöð) hlýtur viðurkenningu sem Réttindaskóli og – frístund UNICEF má nota vörumerki Réttindaskóla og – frístundar á gildistíma viðurkenningarinnar, eða í þrjú ár eftir að hún er veitt. Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um notkun vörumerkis Réttindaskóla og – frístundar og samþykkja aðilar með undirritun samkomulagsins að fylgja leiðbeiningum þessum í hvívetna.

Verkefnið heitir Réttindaskóli og -frístund UNICEF. Merkin (e. logo) eru eign UNICEF og reglur um notkun þeirra fylgja reglum um vörumerkjastjórnun UNICEF. Tvær útgáfur eru til af merkinu. Annað er merkt Réttindaskóla og -frístund og er ætlað grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Hitt er merkt Réttindaskóla og er ætlað leikskólum. Bæði merkin eru samtvinnuð UNICEF-merkinu, hlið við hlið. Merkið er til í þremur litum. Þetta eru einu útgáfur merkjanna sem má nota.

Ekki má tvinna merki Réttindaskóla og -frístundar saman við merki samstarfsaðila né breyta merkinu. Merki Réttindaskóla og -frístundar má hins vegar nota ásamt merkjum samstarfsaðila.

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI OG FRÍSTUND

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI OG FRÍSTUND

unicef fyrir öll börn | RÉTTINDA SKÓLI OG FRÍSTUND

Reglur um notkun merkis Réttindaskóla og -frístundar eru:

- Þegar starfsstöð hefur hlotið viðurkenningu UNICEF á Íslandi sem Réttindaskóli og -frístund má nota merkið opinberlega.
- Starfsstöð er heimilt að nota merkið í þrjú ár í senn. Til þess að fá heimild til að nota það lengur þarf að sækjast eftir endurnýjun á viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi.
- Ef starfsstöð uppfyllir ekki skilyrði fyrir endurnýjun á viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi ber henni að fjarlægja merki Réttindaskóla og -frístundar af öllu kynningarefni og af öllum miðlum, þ.m.t. heimasíðu og tölvupósti, og fjarlægja fána. Viðurkenningarskjöl mega áfram hanga uppi, enda merkt ártali síðustu viðurkenningar.
- Starfsstöð og öðrum aðilum er óheimilt að breyta vörumerki Réttindaskóla og -frístundar og skulu fylgja reglum um notkun merkisins í hvívetna.
- Óheimilt er að framleiða varning með merkjum UNICEF nema að höfðu samráði við UNICEF á Íslandi.